

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Lamisil Once húðlausn terbínafínhydróklóríð 10 mg/g

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan einnar viku frá notkun.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lamisil Once og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Lamisil Once
3. Hvernig nota á Lamisil Once
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lamisil Once
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Lamisil Once og við hverju það er notað

Lamisil Once er einskammta meðferð við fótssvepp (tinea pedis).

Lamisil Once verkar þannig að það drepur sveppinn sem veldur fótssveppnum. Þegar það er borið á fótinn skilur það eftir sig litlausa himnu sem helst á húðinni og losar virka efnið inn í húðina.

Hvernig þekkja má fótssvepp (tinea pedis)?

Fótssveppur kemur eingöngu fram á fótum. Hann byrjar oft milli tánna og getur borist á iljar og jarka fótanna.

Algengasta gerð fótssvepps veldur því að húðin springur eða flagnar, en einnig geta komið fram vægur þroti, blöðrur eða vessandi sár. Þessu fylgir oft kláða- eða sviðatilfinning.

Ef þú ert í vafa hvort þú þjáist af fótssvepp skaltu ráðfæra þig við lyfjafræðing eða lækni áður en þú notar Lamisil Once.

Læknirinn gæti hafa látið þig fá Lamisil Once við einhverju öðru. Fylgið alltaf leiðbeiningum læknisins. Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan einnar viku.

2. Áður en byrjað er að nota Lamisil Once

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Lamisil Once

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef þetta á við um þig og má þá ekki nota Lamisil Once.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Lamisil Once er notað.

- Sjúklingar með þykkildi og áberandi flögnun húðar á iljum og hælum vegna langvarandi sveppasýkingar skulu ekki nota lyfið. Hafðu samband við lækinn ef þú telur þig vera með þessi einkenni vegna þess að þú gætir þurft á öðru lyfi að halda.
- Lamisil Once er einungis til útvortis notkunar. Ekki má nota það á munn eða gleypa.
- Forðist að lyfið berist í andlit, augu eða á laskaða húð (*eftir útsetningu fyrir sólarljósi eða verulega húðflögnun*), vegna þess að alkóhól getur valdið ertingu. Ef lyfið berst óvart í augu á að skola þau vandlega með rennandi vatni. Leitaðu til læknis ef óþægindin hverfa ekki.
- Notist eingöngu til meðferðar á húð á fótum og tám.
- Geymið þar sem eldur kemst ekki að Lamisil Once þar sem það inniheldur alkóhól.
- Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Börn og unglingar

Börn og unglingar yngri en 18 ára eiga ekki að nota Lamisil Once.

Notkun annarra lyfja samhliða Lamisil Once

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Berið hvorki önnur lyf á né notið aðra meðferð á fæturna (að meðtöldum þeim sem fengin eru án lyfseðils) samtímis Lamisil Once.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Ef þú ert þunguð máttu ekki nota Lamisil Once nema það sé greinilega nauðsynlegt og þá í samráði við lækni.

Lyfið getur borist í brjóstamjól. Ef þú ert með barn á brjósti skaltu leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað.

Ekki láta ungbarn komast í snertingu við meðhöndlaða húð, þ.m.t. brjóst.

Akstur og notkun véla

Notkun Lamisil Once hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni.

Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana.

Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn.

Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Lamisil Once inniheldur 96% etanól

Lyfið inniheldur 3.316,8 mg af alkóhóli (etanóli) í hverjum dagskammti sem samsvarar 863,75 mg/g af 96% etanóli.

Lyfið getur valdið sviða sé það borið á skaddaða húð.

3. Hvernig nota á Lamisil Once

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.


Ráðlagður skammtur er að bera húðlausnina á í eitt skipti eins og sýnt er hér að neðan

Leiðbeiningar fyrir notkun:

Fullorðnir 18 ára og eldri

- Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað.
- Þetta er meðferð þar sem lyfið er einungis borið á einu sinni.
- Þvoið báða fætur og þurrkið þá vandlega.
- Þvoið hendur og þurrkið þær.
- Skrúfið lokið af túpunni.

- Berið á báða fætur. Notið u.þ.b. hálfu túpuna á hvorn fót eða eins og með þarf til að þekja húðina. Ljúkið við að bera á annan fótinn áður en hinn er meðhöndlaður.
- Berið á hvorn fót með fingrunum eins og sýnt er á skýringarmyndum hér fyrir neðan. Berið lyfið jafnt á húðina milli allra tánna, þá undir og yfir þær. Berið síðan á ilina og jarkana.
- **Ekki má núá eða nudda lausninni inn í húðina.**



- Meðhöndlið hinn fótinn á sama hátt, jafnvel þótt húðin virðist heilbrigð. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Fótisveppur gæti verið á hinum fætinum þótt ekki sjáist nein merki um hann.
- Leyfið lausninni að þorna í 1-2 mínútur þannig að himna myndist áður en farið er í sokka og skó.
- Skrúfið lokið á túpuna og fargið afgangi lyfsins (sjá frekari upplýsingar um hvernig á að farga lyfjum í kafla 5 í fylgiseðlinum). Ekki geyma afgang lyfsins eða gefa það öðrum.
- Þvoið hendur upp úr heitu vatni og sápu eftir að lyfið hefur verið borið á.
- Forðist að þvo eða væta fætuna í 24 klukkustundir eftir að Lamisil Once hefur verið borið á. Þerrið fætuna gætilega eftir varlegan þvott.
- Berið ekki aðra umferð á húðina.

Hversu oft og hversu lengi þú átt að nota Lamisil Once.

Notið aðeins í eitt skipti. Ekki bera á í annað skiptið.

Lamisil Once fer strax að eyða sveppnum. Himnan, sem myndast, verður til þess að virka efnið fer inn í húðina þar sem það heldur áfram að verka í nokkra daga.

Ástand húðarinnar ætti að fara batnandi innan nokkurra daga.

Hafi ekki orðið vart við nein batamerki á einni viku eftir notkun skal hafa samband við lyfjafraeðing til að staðfesta að lyfið hafi verið notað á réttan hátt eða leita til læknis til að staðfesta sjúkdómsgreininguna.

Ekki skal nota lyfið aftur við sama tilviki um fótisvepp, hafi það ekki verkað eftir fyrstu notkun.

Berðu Lamisil Once á báða fætur, jafnvel þótt merki um fótisvepp séu eingöngu sýnileg á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins vegna þess hann gæti verið til staðar á öðrum fótisvæðum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Þegar lausnin er borin á fætuna þornar hún fljótt og myndar litlausa himnu. Í túpunni er nóg af lyfi til að bera á báðar fætur.

Lamisil Once dreifir virka efninu inn í húðina, en þar helst það í nokkra daga og eyðir sveppnum sem veldur fótisveppasýkingunni. Til þess að árangur verði sem bestur skaltu ekki þvo fætur eða skola af þeim í 24 klukkustundir eftir að þú hefur borið lyfið á.

Stuðningsmeðferð

Haldið sýkta svæðinu hreinu með því að þvo það reglulega eftir 24 klukkustundir. Þurrkið svæðið vandlega án þess að nudda það. Reynið að klóra ekki í svæðið þótt það klæi í húðina vegna þess að það getur valdið frekari skaða og hægt á batanum eða valdið því að sýkingin dreifist. Vegna þess að fótisveppur er fljótur að dreifast milli manna skaltu nota eigið handklæði og föt og deila þeim ekki með öðrum. Til að koma í veg fyrir endursýkingu skal þvo föt og handklæði oft.

Börn og unglingar

Má ekki nota hjá börnum og unglungum yngri en 18 ára.

Ef þú gleypir óvart eitthvað af lyfinu

Hafðu samband við lækni eða bráðamóttöku. Taka þarf tillit til alkóhól innihalds lyfsins.

Hvað ef lyfið fer óvart í andlit eða augu

Skolið andlitið eða augun vandlega með rennandi vatni. Leitaðu til læknis eða bráðamóttöku ef óþægindin hverfa ekki.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafid umbúðir lyfsins við höndina.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (*geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 notendum*)

Fólk getur haft ofnæmi fyrir Lamisil Once sem lýsir sér með þrota og verkjum, kláða, blöðrum á húð, húðútbrotum eða kláðaútbrotum.

Ef þú finnur fyrir ofnæmisviðbrögðum eða einhverjum framangreindum einkennum við notkun Lamisil Once, skaltu fjarlægja himnuna með eðlissviptu alkóhóli (fæst í apótekum), þvo fæturna upp úr heitu sápuvatni, skola þá og þurrka og leita til læknis eða lyfjafræðings.

Eftirfarandi aukaverkanir hafa einnig komið fram:

Sjaldgæfar (*geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 notendum*)

Viðbrögð á meðferðarstað, geta verið húðþurrkur, húðerting eða sviðatilfinning. Þessar aukaverkanir eru venjulega vægar og tímabundnar.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

Mislitun húðar, húðflögnun, roði, verkur á notkunarstað. Ef lyfið berst óvart í augu getur erting í augum komið fram.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Lamisil Once

- Geymið Lamisil Once þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Ekki skal nota Lamisil Once eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.
- Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.
- Geymið við lægri hita en 30°C.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Lamisil Once inniheldur

- Virka innihaldsefnið er terbínafínhýdróklóríð 10 mg/g.
- Önnur innihaldsefni eru akrýlöt/oktýlakrýlamíð blandfjölliða, hýdroxýprópýlsellulósi, meðalkeðju þríglýseríðar og etanól.

Lýsing á útliti Lamisil Once og pakkingastærðir

Útlit

Tær eða aðeins skýjuð (næstum gegnsæ), hlaupkennd lausn.

Pakkingastærðir

4 g.

Markaðsleyfishafi

Karo Healthcare AB
Box 16184
103 24 Stockholm
Svíþjóð

Framleiðandi

Karo Healthcare AB
Klara Norra Kyrkogata 33
111 22 Stockholm
Svíþjóð

Haleon Denmark ApS
Delta Park 37
2665 Vallensbæk Strand
Danmörk

GSK-Gebro Consumer Healthcare GmbH
Bahnhofbichl 13
6391 Fieberbrunn
Austurríki

GlaxoSmithKline Santé Grand Public,
23 Rue Francois Jacob,
92500 Rueil Malmaiso
Frakkland

Novartis (Hellas) S.A.C.I.
National Road No 1 (12th km)
Metamorphosi 14451 Athens
Grikkland

Haleon Belgium n.v./s.a.
Site Apollo – Avenue Pascal 2-4-6
1300 Wavre
Belgía

GlaxoSmithKline Consumer Healthcare GmbH & Co. KG
Barthstraße 4
80339 München

Þýskaland

Haleon Germany GmbH
Barthstraße 4
80339 München
Þýskaland

Umboð á Íslandi

Alvogen ehf.
Sími: 522 2900
Netfang: info@alvogen.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í apríl 2024.